

MOSFELLINGUR

11. tbl. 5. árg. föstudagur 18. ágúst 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Undirbúningur á fullu

Lokaundirbúningur fyrir bæjarhátíðina „Í túninu heima“ stendur nú sem hæst. Hátíðin fer fram dagana 24.-27. ágúst og hefur allt verið lagt í sölnurnar til að gera hátíðina sem veglegasta og glæsilegasta. Yfirumsjón hátíðarinnar hefur verið í höndum Daða Þórs Einarssonar og að sögn Daða mega bæjarbúar vænta fjölbreyttra og skemmtilegra uppákoma alla helgina. Á myndinni má sjá Daða Þór ásamt Hönnu Símonardóttur, formanni Þrumu & eldinga, leggja á ráðin um eitt af fjölmörgum dagskráratriðum hátíðarinnar. Í bakgrunni eru tónlistarmennirnir sem munu sjá um stórdansleik í Hlégarði á laugardagskvöldið. Mosfellingur skorar á alla bæjarbúa sem vettlingi geta valdið að láta ekki sitt eftir liggja, taka þátt og um leið gera þessa hátíð að föstum liði í menningarlífi okkar Mosfellinga.

Ljósfr. Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Rituhöfði 189 m² parhús



NÝTT Á SKRÁ

Þetta er mjög flott og vandað parhús í botnlangagötu við Rituhöfða í Mosfellsbæ. Stór og rúmgóð stofa, eldhús með glæsilegri innréttingu, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari og vatnsgufusturtuklefa. Þetta vel skipulagt hús með mikið stofurými og góða lofthæð. Falleg gata með einbýlum og parhúsum. **Verð kr. 43,9 m.**

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

Fasteignasala
Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
Löggitur fasteignasali



Gott úrval af góðum braudum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf.
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



65
Cebes
tjónaskoðum

Þjónustuverkstæði.

Fagmannsaka í fyrirtæki. Útveganu bílaleigubíla.



Nú er lag!

Nú tökum við Mosfellingar höndum saman og hristum af okkur „svefnbæjar“ stimpilinn. Bæjarhátíðin „Í túninu heima“ er í kringum næstu helgi og tími okkar er kominn. Dagskrá hátíðarinnar er hin glæsilegasta og eitthvað við allra hæfi. Ég hvet ykkur til að hoppa upp úr sófanum og taka þátt í að festa þessa hátíð í sessi í eitt skipti fyrir öll sem eina þá flottustu á landinu.

Hilmar Gunnarsson
ritstjóri



Karl Tómasson lætur af störfum

Ég undirritaður hef nú ákveðið að láta af starfi mínu sem blaðamaður hjá Mosfellingi. Þessi ákvörðun mín er tekin eftir úrslit síðustu sveitarstjórnkosninga og í fullu samráði við Hilmar Gunnarsson ritstjóra blaðsins sem mun því hér með hafa alla yfirumsjón með Mosfellingi. Það hefur verið dýrmæt og skemmtileg reynsla að kynna bæjarfélaginu og íbúum þess sem blaðamaður undanfarin ár og vil ég nota tækifærið og þakka fyrir það. Ég óska Hilmar Gunnarssyni og hans fólki velfarnaðar með Mosfelling en blaðinu hefur tekist að festa sig vel í sessi sem bæjarblað allra Mosfellinga og notið trausts sem slíkt.

Virdingarfyllst Karl Tómasson.



mosfellingur.is

LEIÐARI



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Jón Páll Sigmarsson og Hjalti „Úrsus“ Árnason tóku þátt í heimsmeistarakeppni í afraunum í Montreal í Kanada 1986. Kapparnir gerðu sér lítið fyrir og unnu liðakeppnina og á myndinni má sjá þá taka við verðlaunagripnum úr höndum Mark Ten. Jón Páll og Hjalti voru miklir vinir, en Jón Páll bjó um tíma í Mosfellsbæ á upphafi síns ferils. Hjalti hefur síðastliðin ár unnið að gerð kvikmyndar um ævi Jóns Páls sem frumsýnd verður þann 8. september. Sú vinnsla hefur gengið vel að sögn Hjalta og hvetur hann alla til að sjá þessa mögnuðu mynd um þessa miklu goðsögn sem Jón Páll var.



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvégi 18, s. 694-6426 og 897-7664.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson

Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson og Ágúst B. Linn.

Blaðamenn og pistlahöfundar:

Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson, Hanna Símonardóttir, Högni Snær Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir, og Prándur Gíslason.

Umbrot og hönnun:

Mosfellingur ehf.

Prófförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson

Prentun: Prentmet, prentað í 3000 eintökum og dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á tveggja til þriggja vikna fresti allt árið um kring.



Börnin í bænum

Vinkonurnar Hlíf og Sara að safna fyrir Rauða krossinn með glæsilegri tombólu.

ÆSKUMYNDIN hennar Öddu

Nafn: Arnhildur Valgarðs-dóttir tónmenntakennari/píanóleikari

„Þegar ég var hjá afa og ömmu fórum við afi stundum saman í fjósið á morgnana. Þá var ég alltaf með fjósa-hattinn sem ég skarta á þessari mynd sem er tekin af mér þegar ég er rétt um tveggja ára. Ekkert er jafn róandi og að fara í fjósið á morgnana, hvergi jafn notaleg þögnin og þar. Hjálta okkur afa var alltaf svo rólegt og ánægjulegt andrúmsloft, ég fékk að brynna kúnum og horfa á hann mjólka. Svo á eftir fór ég uppí eldhús til ömmu og fékk mjólk og kleinur.“





**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

www.fastmos.is
Sími: 586 8080

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Klapparhlíð – 171,7 endaraðhús

Flott endaraðhús á tveimur hæðum, innst í botnlanga við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er góð stofa, borðstofa, lokað eldhús með borðkrók, forstofa, gestasalerni og bílskúr/vinnuherbergi. Á efri hæðinni eru baðherbergi, þvottahús, 3 svefnherbergi og mjög stórt hjónaherbergi. Fallgur garður með timburverönd og hellulögn.
Verð kr. 39,9 m.



Blikahöfði – 3ja herb + bílsk

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá fallega og vel skipulagða 84,6 m². 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 29,2 m² bílskúr í góðu fjölbýlishúsi við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Björt stofa, eldhús með kirsuberja innréttingu, sér þvottahús, sjónvarpshol, 2 herbergi og baðherbergi m/kari. Bílskúrin er draumur dótakarsins.
Verð kr. 22,8 m.



Hlíðarás – 408 m² tækifæri

Til sölu eitt stærsta einbýlishús í Mosfellsbæ. Húsið er samtals 408 m² á tveimur hæðum, með tvöföldum bílskúr. Húsið býður upp á mikla möguleika, m.a. væri hægt að innrétta 2-3 íbúðarrými (ósamþykkt) á neðri hæð, og halda eftir stórra efri sérhæð með bílskúr. Húsið stendur neðst í Ásahverfinu með miklu útsýni til suðvesturs, út á Leirvoginn og að Esjunni. Verð 139.700 kr. pr. m².
Verð kr. 57,0 m.



Klapparhlíð – 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar. Nýr grunnskóli og leikskóli eru 3 mínútna göngufjarlægð, en auk þess er verið að byggja inni/útsundlaug ásamt íþróttahúsi á sama stað. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/kari / þvottahús, geymsla inni í íbúð sem nýst getur sem vinnuherbergi, fallett eldhús og björt stofa. Ásett verð upphaflega 19,9 m. – **Verð nú 18,9 m.**



Grenibýggð – 164 m² raðhús

Fallegt raðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs í grónu og fríðsælu hverfi í Mosfellsbæ. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpshol á 2. hæð og opið risherbergi. Óþnar svalir í suðvestur/norðvestur, falleg timburverönd í suðvestur út frá stofu og gott hellulagt bílaplan. Húsið er nýmálað að utan.
****Verð kr. 37,2 m.****



Miðholt – 3ja herb.

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 82,4 m², 3ja herbergja endaíbúð í 11 íbúða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög björt og vel um gengin – baðherbergi m/kari, 2 fin svefnherbergi, stór stofa/borðstofa og eldhús inn af stofu. Svalir í suðurátt og stutt í alla þjónustu. Þetta er björt og rúmgóð íbúð á hagstæðu verði.
Verð kr. 17,8 m.



Arnarhöfði – 189,7 m² endaraðhús.

189,7 m² endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er stór stofa, eldhús með fallegri víðarinnréttingu, borðstofa, svefnherbergi, forstofa og gestasalerni. Á 2. hæðinni eru tvö stór svefnherbergi og möguleiki á 2 öðrum svefnherbergjum, þvottahús og baðherbergi. Stór suðvesturgarður og svalir í suðvestur með miklu útsýni. Þetta raðhús er á flottum stað í Höfðahverfinu.
Verð kr. 40,9 m.



Fálkahöfði – 3ja herb.

91 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli á flottum stað á vestursvæði Mosfellsbæjar. Íbúðin er mjög falleg, ný máluð og eikarparketi og flisum á gólfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi með kirsuberjaskápum, flisalagt baðherbergi með baðkari, sér þvottahús, rúmgóð stofa og afstúkað eldhús með borðkrók. Stórar svalir í suðvestur með góðu útsýni.
Verð kr. 21,4 m.



Arnartangi – 174,2 m² einbýlishús

Mjög fallett og aðlaðandi 138,6 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 35,6 m² bílskúr á mjög fallegri hornlóð með timburveröndum. Þetta er hentugt skipulag, svefnherbergi eru aðskilin frá stofu og borðstofu og eldhús tengt svefnálmu. Stórt hellulagt bílaplan fyrir framan húsið og tvær timburverandir í suðurátt.
Verð kr. 41,9 m.




Arnartangi – raðhús + bílskúr

Vorum að fá 94 m² raðhús á einni hæð með fallegum garði og 28 m² bílskúr. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, fallett baðherbergi, eldhús og stór stofa. Húsið stendur í þyrpingu svipaðra húsa á fallegri og gróinni lóð á mjög barnvænum stað í Mosfellsbæ.
Verð kr. 25,8 m.



Urðarholt – 150 m² atvinnuhúsnæði

Erum með 150 m² atvinnuhúsnæði á jarðhæð í miðbæ Mosfellsbæjar. Gott verslunarpláss og inn af því hefur verið innréttað íbúðaraðstaða. Gott guggapláss er út á bílastæðið og gott aðgengi. Rýmjið stendur við Mosfellsbakarí sem er eitt best bakarí á landinu. Húsnæðið getur verið laust til afhendingar fljótlega.
Verð kr. 21,5 m.



Skeljatangi – 3ja herb.

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 84,9 m² 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli á barnvænum stað í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, baðherbergi m/nuddbaðkari, fallett eldhús m/góðum borðkrók og geymsla/ vinnuherbergi. Úr stofu er gengið út í garð sem hægt er að stúka af.
Verð kr. 20,8 m.



Aðrar eignir

- Hagaland – 152,8 m² neðri sérhæð – v. 29,9 m.
- Þverholt – 114 m², 3ja herb, v. 20,3 m.
- Asparlundur – 207 m² einbýlishús, v. 45,9 m.
- Álmholt – 236 m² einbýli + aukaib. – v. 46,2 m.
- Fellsás – 285,5 m² einbýli m/2f skúr – v. 54,0 m.
- Litlikríki – 265 m² einbýlishús – v 43,9 m.
- Leirutangi – 92 m² jarðhæð – v. 18,3 m.

- Bjargartangi – 202,2 m² sérhæð. – v. 34,9 m.
- Mosfellsdalur, Víðihóll – v. 31,9 m.
- Birkiteigur – 80,9 m² fokheld íbúð – v. 17,3 m.
- Birkiteigur – 242,9 m² fokheld sérhæð – v. 37,9 m.
- Prastarhöfði – 3ja herb / 91,5 m² – v. 21,4 m.
- Furubyggð – 166,3 m² endaraðhús – v. 37,9 m.
- Blikahöfði – 2ja herb / 77 m² – v. 19,2 m.
- Tröllateigur – 167,1 m² endaraðhús – v. 39,8 m.

Sala á lóðum hafin í Leirvogstungu, nýju sérbýlishúsa hverfi í Mosfellsbæ

Skóflustunga tekin í Leirvogstungu



Vopnað rán í Krónunni upplýst

Um miðjan júlímánuð réðust nokkrir ungir menn að starfsfólki Krónunnar og höfðu á brott með sér talsvert fé. Atburðurinn átti sér stað rétt fyrir lokun verslunarinnar og voru fimm handteknir í kjölfarið.

Um innansveitarmenn var að ræða og þykir málið upplýst.



Korpúlfsstaðavegur opnaður formlega

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bæjarstjóri og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur, opnuðu formlega Korpúlfsstaðaveg föstudaginn 21. júlí. Ragnheiður og Vilhjálmur mættust á miðri Korpúlfsstaðabrú og klipptu á borða en landamerki sveitarfélaganna afmarkast af ánni.

Nýja leiðin er án efa mikil samgöngubót milli Mosfellsbæjar og Grafarvogs og ekki að efa að hún mun m.a. verða skólafélki kærkominn stytting í Borgarholtsskóla.



Til hamingju Mosó

Þann 9. ágúst átti Mosfellsbær afmæli en sveitarfélagið hét Mosfellsbær (Mosfellsveit) fram til 9. ágúst 1987. Bærinn fagnar því 20 ára afmæli á næsta ári. Í tilefni amælisins hefur verið opnuð myndlistarsýning í Listasalnum sem stendur yfir til 27. ágúst, eða fram yfir hátíðarhöldin „Í túninu heima“.



Frá vinstri: Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir, eigendur Leirvogstungu, Loftur Árnason framkvæmdastjóri Ístaks, Ragnar Z. Guðjónsson sparisjóðsstjóri SPV og Atli Örn Jónsson framkvæmdastjóri þjónustusviðs SPV.

Fyrsta skóflustunga að íbúðahverfinu Leirvogstungu var tekin í blíðskaparveðri í júlí. Hverfið er sérstakt fyrir þær sakir að þar verða einungis sérbýlisíbúðir en mjög fá dæmi eru um svo stór sérbýlishúsa hverfi í seinni tíð. Íbúðirnar verða 400 og munu skiptast í einbýlishús, raðhús og keðjuhús.

Leirvogstunga er bújörð og sama fjölskyldan hefur búið þar í á annað hundrað ár. Bjarni Sveinbjörn Guðmundsson sem er af fimmta ættlið fjölskyldunnar stendur að framkvæmdunum en faðir hans Guðmundur Magnússon tók fyrstu skóflustunguna ásamt Herdísí Sigurjónsdóttur varaforseta bæjarstjórnar. Við þetta tækifæri var einnig opnuð glæsileg heimasíða www.leirvogstunga.is með ítarlegum upplýsingum um hverfið og skipulag þess.

Í þessum fyrsta áfanga verða seldar um 100 af þeim 400 lóðum sem gert er ráð fyrir í hverfinu. Lóðirnar skiptast næstum til helminga í einbýlishúsaloðir og rað- og keðjuhúsaloðir. Þessar lóðir eru þær lóðir hverfisins sem eru næst miðbæ



skóflu LEIRVOGSTUNGA sérbýli í sveit

Mosfellsbæjar en tengibraut verður lögð þangað frá Leirvogstungu. Sambyggður leik- og grunnskóli sem samræmist framsæknum hugmyndum Mosfellsbæjar um einstaklingsmiðað nám og aukna samþættingu leik- og grunnskóla verður reistur í miðju hverfisins.

Sala á lóðum fer fram í gegnum fasteignasala eins og önnur sala á fasteignum en hægt er að gera tilboð til 24. ágúst. Fasteignasalarnir eru Einar Páll Kjærnested, ainarp@fastmos.is löggiltur fasteignasali hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar og Garðar Garðarsson, gardar@landslog.is hrl. og löggiltur fasteigna- og skipasali hjá Landslögum.



Skóflustunguna tóku Guðmundur Magnússon faðir Bjarna og Herdís Sigurjónsdóttir varaforseta bæjarstjórnar.



Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



GÓTT FOLK MEGANN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í **Vörðunni**



Stolin kerra

Til allra sem geta veitt upp-lysingar! Humbaur HUK1500 kerru með vökvasturtum var stolið af sölu- og geymslusvæði við Bæjardekk, Langatanga 1a, Mosfellsbæ. Kerran er með vökvasturtu og handdælu til að lyfta upp palli. Kerran hefur ser. nr. WHD157A1060342383. Kerran er með álskjólborðum. Heildarburðargeta 1.500kg., einn öxull, 10" dekk. Þeir sem veitt geta upplýsingar um kerruna eru vinsamlegast beðnir um að láta vita, mosfellingur-@mosfellingur.is.



Maggi Stefáns trommar í Hlégarði

Trommuleikarinn góðkunnni Magnús Stefánsson úr Egó og Utangarðsmönnum mun ásamt öðru einvalaliði tónlistarmanna tröða upp í Hlégarði á stórdansleik laugardaginn 26. ágúst. „Maggi er einn almagnadasti og skemmtilegasti trommuleikari Íslands, hann er líka svo glettilega flottur við settið. Hann hefur mikinn stíl.“ Segir Kalli Tomm trommuleikari Gildrunnar en hann mun einnig koma fram í Hlégarði. Kalli skorar á alla sem vettingi geta valdið að koma á ballið og lofar allsherjarstemningu fyrir fólk á öllum aldri.



TIL SÖLU

Hrafshöfði - einbýlishús

Mjög fallett 154 m² einbýlishús, innst í botnlanga við Hrafshöfða í Mosfellsbæ. Þetta er vonduð eign, með gegnheilum gólfefnum og sérsníðum innréttingum. Hellulagt bílapan og stór timburverönd með heitum potti. Þetta er vel skipulögð og falleg eign á frábærum stað í nýlegu hverfi. Golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Verð kr. 44,9 m.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna, Pverholti 2 Mosfellsbæ
586 8080
www.fastnos.is

Frábærir krakkar og skemmtileg ferð

Mér hlotnaðist sá heiður að fara með Skólahljómsveit Mosfellsbæjar (elsta hópnun) til Ítalíu um miðjan júní. Með 38 krökkum á aldrinum 14-21 árs ásamt stjórnandanum Daða Þór, Birgi Sveinssyni og Jórinni konu hans og tveimur öðrum fullorðnum. Þetta var spennandi verkefni en dálítið ögrandi fannst mér. Hálf mánaðar ferð þar sem í fyrri vikunni ætlaði hljómsveit úr Monzuno (Band of Monzuno) að taka á móti okkur og áttum við að gista á heimilum. Seinni vikuna ætluðum við að gista á Rimini og hafa frjálssari tíma þar.

Mikil eftirvænting og spenna var í krökkum jafnt sem fullorðnum að kynna þeirri fjölskyldu sem þeir áttu að gista hjá. Búið var að segja okkur að tungumálið yrði ekki vandamál, því hægt væri að tjá sig á ensku. Ítalir kunnu þó mismikla ensku og sumir ekkert og fengu sumir krakkar fjölskyldu sem ekkert tjáði sig á ensku. Krakkarnir tóku þessu þó með mesta ædruleysi og aldrei var óskað eftir því skipta um heimili og fara annað. Gaman var að hitta allan hópin eftir fyrstu nóttina og heyra misjafnar sögur. Hvílik ákefð og uppljómun! Allir að upplifa eitthvað misjafnt og gátu deilt sögum. Fjölskyldurnar lögðu sig mjög fram um að taka vel á móti okkur og var hugsað vel um alla.

Krakkarnir áttu mikið starf fyrir höndum. Fyrstu dagana var farið í ferðalög sem enduðu með tónleikum og kvöldmat. Tónleikar oft ekki fyrr en kl 21-21:30 eftir heitan dag og mikið ferðalag. Þá var ég (fullorðin) orðin þreytt og lúin en þau skiptu um gir, fóru í búningana sína, tóku upp hljóðfærin og nóturnar og spiluðu af krafti, undir dyggri stjórn Daða, í ca 1 og ½ klst undir berum himni í ca 30°C. Dagskráin var blönduð hjá þeim en þegar þau spiluðu lög eins og Hver á sér fegra föðurland, Í fjarlægð og Öxar við ána varð ég oftast klökk og þrjóstið að rifna úr stolti. Hljómsveitin var frábær og krakkarnir allsstaðar til fyrirmyndar og undirtektir mjög góðar.



Lagið Öxar við ána varð dálítið einkennislag í ferðinni, því meðlimir ítölsku hljómsveitarinnar höfðu fengið nótur að því og voru byrjaðir að æfa það fyrir Íslandsferð sína, svo þegar það var spilað trölluðu allir með af miklum krafti. Hljómsveitin hélt ferna tónleika á fimm dögum svo dagskráin var stíf. Síðustu tónleikarnir voru haldnir í Le Croci, sem er fjallstoppur í um 900m hæð. Þar var spilað úti og útsýnið af fjallinu var magnað. Þessir tónleikar voru sameiginlegir með ítölsku hljómsveitinni og sameinuðust hljómsveitinar m.a. í laginu Öxar við ána. - Frábært!

Þegar dvölinni hjá fjölskyldunum lauk voru víða tár á hvörum um en þar sem ítalska hljómsveitin var væntanleg fljótlega til Íslands var sagt "arrivaderzi í Islandía" (sjáumst á Íslandi)

Seinni vikuna gistum við á Rimini og þótt ég hafi talað um að þar yrði frjálssari tími var heilmikil dagskrá. Einum degi var varið í vatnagarði, öðum í tívolví, þriðja í Feneyjum og fjórða í San Marino.

Á söguslöðum eins og í Feneyjum, Bologna, Flórens og víðar nutum við leiðsagnar Birgis, sem er frábær leiðsögumaðurogskemmtilegurferðafélagi. Á þessum stöðum var farinn tír með leiðsögn og síðan var gefinn frjálssar tími í 2-4 klst. Þá fékk ég hnút

í magann. Hvernig eiga krakkarnir að rata hér og þar og vera komin á einhvern ákveðinn stað klukkan eitthvað ákveðið? Búið var að brýna fyrir þeim að vera alltaf tvö eða fleiri saman og vera alltaf með síma á sér. Þau klikkuðu aldrei. Aldrei þurfi að bíða eftir neinum og enginn týndist. Ótrúlegt - í því mannhafi sem víða var t.d. í Feneyjum og Flórenz.

Þegar við komum heim til Íslands um miðja nótt 29. júní var hópurinn sæll og ánægður en þreyttur eftir frábæra ferð. Eg vona og held að þau hafi notið ferðarinnar eins og ég og búi yfir þessari reynslu alla tíð. Mér er efst í huga eftir ferðina hversu frábærir þessir krakkar eru. Hversu rík við erum að eiga þessa hljómsveit því í henni er unnið mjög gott starf. Birgir Sveinsson hefur haft veg og vanda að því en er nú að fylgja Daða úr hlaði í hans nýja starfi og er hann sannarlega verðugur eftirmaður Birgis.

Ítalska hljómsveitin kom síðan til Íslands 13. júlí og voru tengslin enn sterk milli ítalska og íslenska hópsins. Þau voru hér við gott atlæti í viku og fóru víða og fengu að upplifa margt. Meðal annars íslenskt rok og rigningu.

En þið krakkar í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, takk fyrir skemmtilega ferð og góða viðkynningu. Þið eruð frábær. Hafdis Gunnarsdóttir

Laugardagskvöldið 26. ágúst stígur á stökku einvalaliði tónlistarmanna og heldur uppi stuði langt fram eftir nóttu

STÓRDANSLEIKUR Í HLÉGARÐI



26. ÁGÚST

Húsið opnar 22.00
LÍDAVERÐ KR. 1800
Mætið tímanlega

STÆRSTA BALL SUMARSINS

Þjálfun undir leiðsögn fagmenntaðra þjálfara.
Sniðin að þörfum þeirra sem eiga erfitt með að nýta sér almenn heilsuræktartilboð.

Haustönn 21. ágúst – 20. desember 2006 :

Vatnsleikfimi hópar

Mánudaga og miðvikudaga kl. 15.50 – 16.40 byrjendur
kl. 16.40 – 17.30 framhald 1 - kl. 17.30 – 18.20 framhald 2

Leikfimi fyrir karla: Styrkur, þol, liðleiki, bakæfingar.

Mánudaga og miðvikudaga kl. 16.45-17.45

Orkuhópur fyrir fólk í yfirþyngd

Mánudaga og miðvikudaga kl. 16.30 – 17.30

Mánaðarverð í hóp kr. 6.500 og 5.000 fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega

Allt tímabilið: kr. 24.000 / 18.000

Hóppjálfunarkort veitir aðgang að sundlaug og tækjasal

Mánaðarkort í sundlaug og tækjasal kr. 4.500.

Þriggja mánaða kort kr. 12.000

Boðið er upp á ráðgjöf sjúkráþjálfara í tækjasal.

Aðgangskort eru seld í sundlaug Reykjalundar. Sími: 585-2171, 585-2162 og 585-2161

Netfang: sjukrathjalfun@reykjalundur.is

Upplýs. ef greitt er í heimabanka eða með gíróseðli: kt: 680172-0139. Reikn: 113-26-45



MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR Á DRAUMAKAFFI

**STÓR
400 kr**

Draumakaffi
Háholti 14 - S. 5868040

- ①+ **22:30** Rock Star: Supernova - raunveruleikapáttur
- ①+ **23:00** Rock Star: Supernova - tónleikar
- ① **00:00** Rock Star: Supernova - úrslit



Útimarkaður í Álafoskvos

Varmársamtökin standa fyrir útimarkaði í Álafoskvos í tengslum við hátíðina „Í túninu heima“ laugardaginn 26. ágúst kl. 11-17.

Á boðstólum verður allt milli himins og jarðar svo sem ferskt grænmeti frá Dalsgarði, Reykjum og Sólheimum; heimalöguð sulta, chutney og kryddolíur; nýafskornar rósir, íslenskt te frá Hveragerði, söl, harðfiskur og glænýr Þingvallasilungur. Kompudót og ótal margt fleira - bæði gamalt og nýtt.

Skátafélagið Mosverjar heldur lífi í mannskapnum með gómsætum veitingum og býður krökkunum í leiktæki.

Við hvetjum Mosfellinga til að taka hraustlega til hendinni og stækka við sig með því að setja í verð það sem nýtilegt. Allir geta verið með og tekið þátt í að skapa sannkallaða sveitar- og markaðsstemningu í Álafoskvos. Áhugasamir tilkynni þátttöku til Sigríðar Árdal í síma 660- 7667.



Bærinn snyrtur

Það hefur viðrað misjafnlega á krakkana í Vinnuskóla Mosfellsbæjar í sumar. Hér sjást krakkarnir í sumarskapi með hrífurnar á lofti.



Meistarar

Strákarnir í Nóatúni sigruðu glæsilega á árlegu Kaupás-móti milli verslana fyrirtækisins sem fram fór síðustu helgi á Tungubökkum

MOSFELLINGUR

mælir með...

„Í túninu heima“

Í túninu
HEIMAA

SPIRIT OF LOIMAA

Loimaa – Mosfellsbær Norrænir vinabæir

Myndlistarsýning myndlistarmanna frá Loimaa á íkonum og öðrum helgimyndum

Listasalur Mosfellsbæjar
 9. ágúst – 27. ágúst

Starfsmenn óskast í Frístundasel



Mosfellsbær óskar eftir að ráða starfsmenn í Frístundasel. Lausar eru tvær stöður í Frístundaseli við Lágafellsskóla frá 14 til 17 alla virka daga. Frístundaselin bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 2.- 4. bekk grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Starfsmenn í hlutastörfum:

Hæfniskröfur:

Uppeldismenntun og/eða reynsla af starfi með börnum.

Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila inn á skrifstofu Mosfellsbæjar, 1. hæð. Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Laun greidd samkv. kjarasamningum starfmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi í s: 660-0750 / 566-6754, sg@mos.is

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar.



Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

SKÓLASETNING



grunnskóla Mosfellsbæjar 2006

Lágafellsskóli

Nemendur mæti í hátíðarsal skólans miðvikudaginn 23. ágúst sem hér segir:

- 2. og 3. bekkur kl. 9:00
- 4. og 5. bekkur kl. 9:30
- 6. og 7. bekkur kl. 10:00
- 8., 9. og 10. bekkur kl. 10:30



Nemendur 1. bekkjar eru boðaðir skriflega til viðtals við kennara miðvikudaginn 23. ágúst og fimmtudaginn 24. ágúst. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. bekk, föstudaginn 25. ágúst og þá tekur Dægradvöl til starfa. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 2. - 10. bekk fimmtudaginn 24. ágúst.



LÁGAFELLSSKÓLI

Varmárskóli

Nemendur mæti í skólann miðvikudaginn 23. ágúst sem hér segir:

- 2. bekkur kl. 9:00 við aðalinnganginn í yngri deild
- 3. bekkur kl. 9:30 við aðalinnganginn í yngri deild
- 4. bekkur kl. 10:00 við aðalinnganginn í yngri deild
- 5. bekkur kl. 10:30 við aðalinnganginn í yngri deild
- 6. bekkur kl. 11:00 við aðalinnganginn í yngri deild
- 7. - 8. bekkur kl. 10:00 á sal eldri deildar
- 9. bekkur kl. 9:30 á sal eldri deildar
- 10. bekkur kl. 9:00 á sal eldri deildar



Nemendur 1. bekkjar eru boðaðir skriflega til viðtals við kennara miðvikudaginn 23. ágúst og fimmtudaginn 24. ágúst. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 1. bekk, föstudaginn 25. ágúst og þá tekur Dægradvöl til starfa. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá hjá 2. - 10. bekk fimmtudaginn 24. ágúst.

Skrifstofur skólanna eru opnar frá 08:00 – 16:00



VARMÁRSKÓLI

Grunnskólafulltrúi

Karлакórin Stefnir

söngur og gleði

Láttu drauminn rætast!

Karлакórin Stefnir getur bætt við sig söngmönnum í allar raddir.

Spennandi verkefni í góðum félagsskap.

Nánari upplýsingar hjá Herði í síma 694-7525, Atla í síma

864-8019 eða á æfingu í Brúarlandi þriðjudaginn 5. september.



Í túninu HEIMA

FÖSTUDAGUR 25. ÁGÚST 2006

Kl. 10:00 Kjarni

Dagskrá fyrir leikskólabörn í Bókasafni Mosfellsbæjar í Kjarna í samráði við leikskóla bæjarins.

Myndlistarsýning í listasalnum í Kjarna.

Kl. 16:00 – 20:00 Íþróttamiðstöð/sýningarhöll opnuð

Fyrirtæki, klúbbar, félagsamtök og einstaklingar sýna starfsemi sína.

Kl. 17:00 Bæjarleikhúsið

Leikfélag Mosfellsveitar frumsýnir leikritið Lion King.

Kl. 19:45 Íþróttamiðstöð/sýningarhöll

Setning hátíðardagskrár: Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri setur hátíðina.

Dagskrá á hátíðarsviði í sýningarhöll:

Kl: 20:00 – 20:30 Vorboðarnir – Stjórnandi: Páll Helgason

Kl: 20:30 – 21:00 Reykjalundarkórinn – Stjórnandi: Íris Erlingsdóttir

Kl. 20:00 Varmáskóli – hátíðarsalur

Bilskúrabönd stíga á stokk.

Söngkeppni 13 – 18 ára söngvara.

Kl. 21:15 Brekkusöngur, varðeldur, eld-blástur, stomp og flugeldasýning við fótboltavöllinn í Ullarnesbrekku

Bilastæði við íþróttahús, Hlégarð og Brúarland. Göngustígur liggur meðfram Varmá, yfir göngubrú og að fótboltavelli. Félagar úr Leikfélagi Mosfellsbæjar hita upp með eldblæstri og stomp. Dúettinn Hljómur leiðir fjöldasöng, starfsmenn áhaldahúss sjá um bálköst og Björgunarsveitin Kyndill sér um flugeldasýningu.

ATH: Engin umferð bíla er leyfð inn á svæðið.

LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST 2006

Kl. 10:00 – 16:00 Prófaðu að pútta hjá golfklúbbum Kili

Púttflatar Hlíðarvallar opnar fyrir alla sem langar að prófa að pútta. Í klúbbhúsinu eru veittar nánari upplýsingar.

Kl. 10:00 – 18:00 Íþróttahús/sýningarhöll

Fyrirtæki, klúbbar, félagsamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína.

Dagskrá á hátíðarsviði í sýningarhöll:

Kl: 10:30 – 11:00 Karatesýning karatedeildar UMFA

Kl: 11:30 – 12:00 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA

Kl: 13:00 – 13:30 Álafosskórinn – Stjórnandi: Helgi R. Einarsson

Kl: 14:00 – 14:30 Kammerkór Mosfellsbæjar

Stjórnandi: Símon H. Ívarsson

Kl: 15:00 – 15:30 Mosfellskórinn – Stjórnandi: Helgi R. Einarsson

Kl: 16:30 – 17:00 Leikfélag Mosfellsbæjar með dagskrá

Kl: 17:30 – 18:00 Karlakór Kjalnesinga – Stjórnandi: Páll Helgason

Kl. 10:00 – 12:00 Íþróttasvæðið að Varmá

Ratleikur fyrir alla aldurshópa með léttum spurningum. Skátafélagið Mosverjar.

Kl. 11:00 - 17:00 Fló og fjör

Flóamarkaður í tjaldi við Varmá. Allt á að seljast, klinkið í fullu gildi.

Kl. 11:00 – 17:00 Álafoss/Stekkjjarflöt

Útimarkaður í Álafosskvosinni. Boðið upp á grænmeti frá Reykjum, Dalsgarði og Sólheimum. Heimatilbúin matvara og handunnar vörur svo eitthvað sé nefnt. Skátafélagið Mosverjar með dagskrá, veitingar, grín og glens fyrir fólk á öllum aldri á Stekkjarflöt.

Kl. 14:00 Bæjarleikhúsið

Leikfélag Mosfellsveitar: Önnur sýning á Lion King.

Kl. 14:00 Íþróttasvæði hestamannafélagsins Harðar

Reiðsýning við Harðarból.

Kl. 14:00 Varmárvöllur

Knattspyrnuleikur í meistaraflokki karla í

2. deild Afturelding – Fjarðarbyggð.

Lok leikjanámskeiða.



Bæjarhátíð Mosfellsbæjar

Dagskrá dagana 25. - 27. ágúst 2006

Kl. 15:50 – 16:15 Flugklúbbur Mosfellsbæjar

Hópflug yfir hátíðarsvæðið og listflugmenn leika listir sínar.

Kl. 16:17 Ólympíuleikar Mosfellsbæjar

Starfsmenn fyrirtækja keppa í ýmsum þrautum með ólympísku ívafi.

Kl. 17:00 Listasalurinn í Kjarna

Arnildur Valgarðsdóttir píanóleikari og Kristjana Helgadóttir flautuleikari flytja klassíska tónlist.

Kl. 18:00 – 22:00 Kjúklingahátíð við Hlégarð (á flötinni milli Hlégarðs og sundlaugar)

Matur í boði kjúklingaframleiðenda í Mosfellsbæ. Björgvin Franz Gíslason skemmtir.

Kl. 23:30 Hlégarður

Stórdansleikur Þruma og eldinga fram á nótt. Einvala lið tónlistarmanna sér um fjörið.

Ágúst B. Linn. Hljómur – Birgir Haraldsson Gildran og 66 – Hilmar Gunnarsson Hljómur – Jóhann Ásmundsson Mezzoforte – Karl Tómasson Gildran og 66 – Nikulás Róbertsson Paradís og Start – Magnús Stefánsson Utangarðsmenn og Egó – Sigurgeir Sigmundsson Start og Gildran.

SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST

Kl. 10:00 – 16:00 Íþróttahús/sýningarhöll

Fyrirtæki, klúbbar, félagasamtök og einstaklingar kynna starfsemi sína.

Dagskrá á hátíðarsviði í sýningarhöll:

Kl. 10:30 – 11:00 Karatesýning karateildar UMFA

Kl. 11:30 – 12:00 Fimleikasýning fimleikadeildar UMFA

Kl. 13:00 – 13:30 Kirkjukór Lágafellssóknar

Stjórnandi: Jónas Þórir

Kl. 13:30 – 14:00 Ungt tónlistarfolk leikur við undirleik Jónasar Þ.

Kl. 14:00 – 14:30 Karlakórinn Stefni – Stjórnandi: Atli Guðlaugsson

Kl. 15:00 – 16:00 Skólahljómsveit Mosfellsbæjar

Stjórnandi: Daði Þór Einarsson

Kl. 16:00 Formlegri dagskrá í íþróttahúsi lokið

Kl. 10:00 – 16:00 Golfmót á Hlíðarvelli

Unglingaeinvígi í Mosfellsbæ er boðsmót. Fimm stigahæstu drengjum og þremur stigahæstu stúlkum í öllum aldursflokkum á KB-bankamótaröð GSF er boðin þátttaka.

Tveimur úr hverjum aldursflokki í Golfklúbbnum Kili er einnig boðin þátttaka. Tíu keppendur eru í hverjum aldursflokki og leikið verður frá rauðum teigum að hvítum.

Kl. 11:00 Guðsþjónusta í Lágafellskirkju

Gissur Páll Gissurarson tenór syngur einsöng.

Prestur sr. Ragnheiður Jónsdóttir.

Kl. 11:00 – 12:00 Flugsýning á íþróttavellinum að Varmá

Flugmódelklúbbur Mosfellsbæjar með flugsýningu.

Kl. 13:00 – 16:00 Við íþróttahúsið að Varmá

Leikskólabörn búa til kítarlistaverk á gangstétt.

Kl. 17:00 Listasalurinn í Kjarna

Ólafur Arnalds, ungur tónlistarnemandi sem fékk styrk íþrótt- og tólmundanevndar fyrr í sumar, leikur frumsamda tónlist á píanó ásamt strengjakvartett.

Mosfellingar!

Bjóðið vinum og vandamönnum á bæjarhátíð því við erum flottust!



Mosfellingur fór á stúfana í blíðskaparveðri

Bærinn iðar af lífi



Ferðamaður gluggar í götukort



Beðin snyrt fyrir utan Kjarna



Hressir strákar í unglíngavinnunni



Grafið fyrir skólþ- og vatnslögnum í Krikahverfið




Flugáhugamenn Tungubakkaflugvelli



Undirgöngin í Ullarnesbrekkuni að taka á sig mynd. Áætlað er að þau verði tilbúin um næstu mánaðarmót



Eitt hundrað sér



SÖLUADILAR ERU: Garðar Garðarsson hrl. · löggiltur fasteignasali · gardar@landslog.is · sími: 520 2900 og Einar Páll Kjærnested · löggiltur fasteignasali



Í eldhúsinu hjá Lindu

Kínverskur pottréttur

Linda Björk Ólafsdóttir, stuðningsfultrúi á frístundarheimilinu Kátakoti í Klébergsskóla á Kjalarnesi, sendir okkur uppskrift að kínverskum pottrétti sem hún erfði frá móður sinni sem fékk hana eftir dularfullum leiðum. „Hann er algjört æði, sívinsæll í öllum veislum hjá mér og klárast alltaf. Hann er sérlega þægilegur ef von er á fólki en lítill tími til undirbúnings. Þá er bara að gera hann kláran daginn áður og svo tekur hann ekki nema um 40 mínútur í eldun daginn eftir – fljótlegt og hentugt. Mér finnst gott að bæta við rjóma og setja þá líka örlítinn hveitihristing úti ef ég vil þykkja hana”

750 gr. lambalæri, fituhreinsað og skorið í gúllasbita.

Kryddlögur:

- 2 eggjarauður.
- 1 tsk. karrý.
- 1 ½ msk. sykur.
- 2 msk. Worchestershire sósa.
- 1 bolli mjólk.
- 5 msk. mataralía.
- 1 msk. kjötkraftur.
- 2 tsk. sósulitir.
- 1 msk. soya-sósa.
- 1 msk. kartöflumjöl.

Lögurinn er hræður saman og lambakjötið lagt í hann. Látið liggja í marineringunni í einn sólarhring. Það getur verið gott að bæta sveppum, gulrótum, paprikum eða einhverju að eigin vali út í á meðan soðið er. Sjóðið í 30-40 mín. Þá er hálfum pela af rjóma bætt út í og rétturinn er tilbúinn. Það er gott að hafa hrísgrjón, hrásalat og hvít-lauks- eða snittubrauð með.



Bruni í sambýli í Hulduhlíðinni

Eldur kom upp í sambýlinu í Hulduhlíð nú á dögum. Slökkviliðið kom fljótlega á svæðið og náði að komast yfir eldinn. Engum varð meint af en heimisfólkinu brá vissulega í brún við atvikið. Ekki er vitað um tildrög eldsins.




Opnum virka daga kl 7:00



býlislóðir í boði

NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS



LEIRVOGSTUNGA
— sérbýli í sveit

Mosfellingurinn Ólafur Arnalds hefur látið mikið á sér kræla í tónlistarlífinu á Íslandi undanfarið. Auk þess að ferðast um heiminn með hljómsveitum sínum var hann nýlega valinn í hóp sex efnilegra ungmenna sem fengu styrk í formi launa frá Mosfellsbæ. Ólafur, sem er aðeins 19 ára, gerði nýlega útgáfusamning við þýska útgáfufyrirtækið Progression Records og kemur fyrsta platan út í nóvember næstkomandi.

Stórefnilegur tónsmiður

Hver er Ólafur Arnalds?

Ég er nú bara ég. Ég hef búið í Mosfellsbæ allt mitt líf fyrir utan hálf tónlistarskólunum. Var hjá Gullu í íslensku eins og allir hinir. Ég er að byrja á lokaári mínu á listnámsbraut í Borgarhóltsskóla.

Hvenær byrjaðir þú í tónlist, hvar og á hvaða hljóðfæri spilarðu?

Ég byrjaði nú bara á blokkflautu í Tónlistarskóla Mosfellsbæjar þegar ég var 5 ára, entist nú ekki lengi á flautunni og skipti fljótlega yfir í pianó entist heldur ekki lengi þar og byrjaði í trommunámi um 7 ára aldur og hef verið að læra á trommur síðan. Tók svo pianóið aftur upp síðar auk þess að ég spila mikið á gítar. Eftir gaggó fór ég til Kanada í hálf tónlistarskólunum. Núna er ég í Tónlistarskóla FÍH á 7. stigi í trommuleik.

Í hvaða verkefnum ertu í dag í tónlistinni og hvað er framundan?

Þessa dagana fer mestur tími minn í einstaklingsverkefni mitt. Ég gerði nýlega þriggja plötu samning við þýska útgáfufyrirtækið Progress(ion) Records og er nú að leggja lokahönd á mínu fyrstu plötu. Tónlistin er nokkurskonar poppuð nútímaklassísk - klassísk tónlist sem nær samt til flestra - myndi kannski minna eitthvað á Sigurrós ef þeir væru ekki alltaf að þykjast vera álfar. Þetta er róleg tónlist, aðallega byggð upp á pianó og strengjum en öðru hverju brýst hún út í epík og læti með gítörum, bassa og trommum. Ég spila á allt nema strengina. Útgáfudagur er í byrjun nóvember, ef allt gengur upp og ég mun án efa halda útgáfutónleikana í Mosfellsbæ!

Svo spila ég í harðkjarnahljómsveitinni Fighting Shit, sem gaf nýlega út sína fjórðu plötu hjá breska útgáfufyrirtækinu Cat n' Cakey Records. Við höfum mikið verið að spila fyrir utan Ísland og vorum meðal annars á þriggja vikna tónleikaferðalagi um Bretland í sumar. Einnig spila ég með indie hljómsveitinni My Summer as a Salvation Soldier en við vorum líka á þriggja vikna tónleikaferðalagi um



MOSFELLINGUR

Bretland í sumar, beint á eftir Fighting Shit ferðalaginu, svo að ég var samtals á sex vikna tónleikaferðalagi, 38 tónleikar í röð, takk fyrir! Einnig sem ég popplög og er með eitt af tíu efstu lögnum í keppninni um „Ljósalagið“ 2006, lögin verða kynnt í Popplandi á Rás 2 næstu daga og svo verður netkosning á www.ruv.is/poppland um besta lagið.



Hvernig er þetta þegar þið eruð að spila úti? Erud þið þá að spila á hverjum degi?

Við spilum yfirleitt á hverjum degi já, öðru hverju fáum við frídag en ég vil nú helst vera laus við þá. Þegar maður festist svona inn í þessari rútínu að keyra, spila, sofa, keyra, spila, sofa o.s.frv. þá veit maður ekkert hvað maður á að gera þegar maður þarf allt í einu ekki að spila í einn dag. Stundum erum við að keyra allan daginn og maður er alltaf að bera fullt af þungu dóti út um allt og gefur svo alla orku sem maður hefur í líkamanum og sálinni í tónleikana svo að þetta getur allt orðið mjög þreytandi, en þetta er samt það skemmtilegasta sem ég geri.

Eru þetta stórir staðir sem þið eruð að spila á?

Oftast eru þetta bara litlir tónleikastaðir, yfirleitt barir, en stundum félagsmiðstöðvar. En svo kemur

það stundum fyrir að við spilum á stærri tónleikum, höfum hitað upp fyrir nokkur stór bönd og það er voða gaman en mér finnst einhvernvegin litlu tónleikarnir skemmtilegri. Andrúmsloftið og stemmingin er svo allt öðruvísi, sveitt og troðið og hundrad manns syngjandi með hverju einasta orði í textunum, rífandi míkrofóninn af söngvaranum og komandi upp á svið! Svoleiðis á það að vera! Á stærri tónleikum eru oft einhver asnager grindverk fyrir framan sviðið svo maður nær engum tengslum við áhorfendurna. Ég lít svo á að við séum að spila MEÐ áhorfendum en ekki fyrir þau. Þetta er allt ein heild sem vinnur saman.



En hverjir eru helstu áhrifavaldar þínir í tónlistinni?

Þetta er án efa versta spurning sem tónlistarmenn geta fengið! *hlær*. Allt sem ég hlusta á hefur áhrif á mig á einn eða annan hátt, bæði léleg tónlist og góð tónlist. Og það er nokkuð ómögulegt að segja hverjir eru þeir helstu því að allt eða flest eru þetta ómeðvituð áhrif. En ég held að ég fái mestan innblástur úr kvikmyndum, ég hef tekið eftir því að alltaf þegar ég fer í bíó kem ég heim uppfullur að hugmyndum hugsa að það hafi eitthvað með þar að gera að kvikmyndir eru svo augljóst dæmi um hvernig tónlist og tilfinningar tengjast saman. Ég hef mikinn áhuga á kvikmyndatónlist. Einnig hefur

fólkið í kringum mig mikil áhrif á mig, örugglega meira en tónlistin sem ég hlusta á.

Hvað stefnirðu svo á í framtíðinni?

Ég ætla að sækja um tónlistarháskóla í Bandaríkjunum og Bretlandi í klassískri tónsmíði fyrir næsta ár, komst reyndar inn í Royal Scottish Academy of Music and Drama núna en tók þá ákvörðun að bíða með þetta í eitt ár í viðbót. Svo ætla ég bara að halda áfram að gera það sem ég er að gera. Ferðast, spila, semja og gefa út plötur.

Hvar getur maður hlustað á eitthvað af því sem þú ert að gera? Einstaklingsverkefni mitt er á www.myspace.com/olafurarnalds þar eru tvö lög sem hægt er að hlusta á. Hægt er að hlusta á Fighting Shit á www.myspace.com/fightingshit og My Summer as a Salvation Soldier er með heimasíðuna www.mysummer-asasalvationsoldier.com



Við þökkum Óla fyrir spjallið og minnum á að hann verður með tónleika í Listasalnum sunnudaginn 27. ágúst kl. 17 í tengslum við bæjarhátíðina „Í túninu heima“

agust@mosfellingur.is

Taktu skólann með trukki í ár!

- * Þúsundir verkefna og nýtt efni bætist við á hverjum degi.
- * Skólavefurinn er fyrir alla sem náð hafa fjögurra ára aldri.
- * Þjálfunarnámskeið fyrir samræmdu prófin í 4. og 7. bekk.
- * Þjálfunarpróf fyrir samræmd próf 10. bekkjar.

Prófaðu!

Skólavefurinn ehf.
Pverholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími: 651 6400
skolavefurinn@skolavefurinn.is

Skráðu þig á
www.skolavefurinn.is

eða hafðu samband í síma 551 6480.

Allt þetta og miklu miklu meira
á litlar 1290 kr. á mánuði.

Gagnvirk samræmd próf
Gagnvirkar æfingar
Útrentanlegt efni og verkefni
Sögur
Upplestur
Leikir
Krossgátur
Margmiðlun
Vefsjónvarp

Nám fyrir:
Leikskóla
Grunnskóla
Framhaldsskóla
Heimili


Danska
Enska
Íslenska
Stærðfræði
Bókmenntir og lestur
Ljóð
Málfræði
Stafsetning
Kristinfræði
Landafræði
Náttúrufræði
Saga
Samfélagsfræði



Heimsmeistarar flugfélaga

Laugardaginn 29. júlí var haldið knattspyrnumót flugfélaga í borginni Köln í Þýskalandi. Þangað mættu 20 flugfélög frá hinum ýmsu löndum og gerðu Atlantamenn sér lítið fyrir og sigruðu á mótinu. Spilaður var sex manna bolti í 35 stiga hita og sól.

Í undanúrslitum sigruðu Atlantamenn lið TAP Airlines frá Portúgal 4-3 í vítaspyrnukeppni eftir að leiknum lauk með jafntefli 1-1. Í úrslitaleik mætti liðið svo Croatia Airlines og eftir 1-1 jafntefli í leiknum gjörsigraði Atlanta þá í vítakeppni 4-1. Í liði Atlanta voru þrír Mosfellingar sem áttu stóran þátt í sigrinum, það voru þeir Viktor, Bjarki Sig. og Þorkell Guðbrands. „Þetta var mögnuð upplifun og sennilega í fyrsta sinn sem við eignumst heimsmeistara!“ sagði Þorkell Guðbrandsson þegar Mosfell-ingur heyrði í honum hljóðið.



Eiður Smári í heimsókn

Eiður Smári Guðjónsen leikmaður Barcelona kom í heimsókn í knattspyrnskóla Aftureldingar og Jako í sumar. Krakkarnir voru að sjálfsögðu ánægðir að sjá fyrirmynd sína með berum augum. Á myndinni má sjá Eið með ungum og efnilegum knattspyrnu drengjum úr knattspyrnskólanum.



Frábær árangur hjá stelpunum

A-lið 6. flokks kvenna í knattspyrnu sigraði tvöfalt á árlegu Síamóti Breiðabliks nú á dögunum. Þær unnu KA 2-1 í hörku úrlitaleik auk þess sem þær sigruðu á hraðmóti sem spilað var jafnhliða aðalmótinu. Þetta var mjög skemmtilegt mót í alla staði fyrir

utan veðrið á föstudag og laugardag. Rigning og rok en stelpurnar létu það ekki á sig fá og léku frábæran fótbolta! Kvöldvökturarnar voru líka frábærar þar sem að Idol-stjörnurnar Bríet Sunna, Ingó og Snorri ásamt mörgum fleirum komu og skemmtu stelpunum.



Sigurveggar Síamótsins



Kom fljúgandi í leik

Allt gert til að spila leik fyrir leik fyrir félagið sitt!

Í vikunni var mikill viðbúnaður á Tungubakkaflugvelli, þegar Gísli Garðarsson leikmaður 4. og 3. og einstaka sinnum 2. flokks Aftureldingar í fótbolta kom fljúgandi frá Gufuskálum til að spila einn leik með 4. flokki.

Gísli sleppir alls ekki leik og harðneitar utanlandsferðum og ferðalögum innanlands með fjölskyldu sinni þegar leikútmabilið er í gangi.

Það stangaðist þó á þessi umræddi leikur og vikunámskeið í björgunarsveitarskólanum á Gufuskálum, og því voru góð ráð dýr! Eftir samningaviðræðurvið pabba sinn, björgunarsveitarmanninn og flugmanninn Garðar Skarphéðinsson, náðist sátt um að pabbinn sækti markmann Aftureldingar á flugvélinni í leikinn og skutlaði svo aftur á Gufuskála eftir leik. Jafntefli varð í leiknum og náði 4. flokkur með því í dýrmætt stig í A-deildinni. Áfram Afturelding, áfram duglegir íþróttakrakkar !!



Fjölmenni á landsmóti 2006

Yfir 70 manns úr Aftureldingu, keppendur og fjölskyldur þeirra, tóku þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ á Laugum um helgina. Frábær stemmning myndaðist í tjaldbúðum Aftureldingar á svæði UMSK.

Langflestir kepptu í knattspyrnu og frjálsum en einnig áttum við keppendur í sundi og skák. Stóðu krakkarnir sig mjög vel í alla staði. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverri grein og í Mosfellsbæinn komu verðlaunapeningar fyrir sund, frjálssar og knattspyrnu. Veðrið lék við mótsgesti og voru flestir sammála um að mótið hefði tekist vel í alla staði.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is



Hvíti Riddarinn á toppnum



Hvíti Riddarinn hefur verið að gera góða hluti í sumar undir handleiðslu Geirs Rúnars Þjálfara liðsins. Liðið hefur fengið á sig fæst mörk í deildinni til þessa. Á miðvikudaginn tryggði liðið sér þáttökurétt í úrslitakeppni 3. deildar með góðum 2-5 útisigri á Markaregni.

Þetta mun vera í fyrsta skipti sem Hvíti Riddarinn nær svo langt en liðið er aðeins á sínu öðru ári í deildarkeppni KSÍ. Næsta laugardag mun Riddarinn spila sinn síðasta leik í deildinni og eru Mosfellingar hvattir til að mæta á Varmárvöll kl. 14.00.



Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ

Helgina 11.-13. ágúst var haldin sveitakeppni GSÍ í golfi þar sem karlasveit Kjalar gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina annað árið í röð. Sveitin var skipuð þeim Heiðari Davíð Bragasyoni, Sigurpáli Geir Sveinssyni, Magnúsi Lárussyni, Davíð Má Vilhjálmsyni, Arnari Sigurbjörnssyni og Kristjáni Þór Einarssyni. Þá náði kvennasveit Kjalar öðru sæti á sama móti.



Frábær árangur á EM öldunga

Halldór Matthíasson, öldungur í frjálsíþróttadeild Aftureldingar, varð í 4. sæti í fimmfarþraut í flokki 55-59 ára á EM öldunga í Poznan í Póllandi á dögnum. Árangur í einstökum greinum var eftirfarandi: Kringlukast 35,87 m, spjótkast 36,61 m, langstökk 4,76 m, 200m hlaup 29,18 sek og 1500m hlaup 6:06,53 mín.

REY-CUP meistarar



Í sumar tóku 3. og 4. flokkur kvenna þátt í hinu alþjóðlega VISA REY-CUP móti Þróttar. Er skemmst frá því að segja að stelpurnar stóðu sig með afbrigðum vel, 3. flokkur var REY-CUP meistari í sjö manna bolta og 4. flokkur B-lið var REY-CUP meist-

ari B-liða í 11 manna bolta. Þess má geta að allar stúlkurnar í 4. flokki A spiluðu eitthvað líka með 3. flokki svo að segja má að allar okkar stelpur hafi orðið meistarar. Frábær árangur það! Á myndinni má sjá B-lið Aftureldingar, REY-CUP meistara 2006.

Starfsmenn óskast í Íþróttamiðstöðina að Varmá



Þar sem tveir starfsmenn Íþróttamiðstöðvarinnar voru að fara á eftirlaun þurfum við að ráða í þeirra stað karl og konu við Íþróttamiðstöðina að Varmá. Íþróttamiðstöðin er ein stærsta þjónustumiðstöð bæjarins og vinna þar um 15 starfsmenn.

Hæfniskröfur:

Hafa ríka þjónustulund
Hafa gaman að vinna og starfa með börnum og unglingum.
Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila inn á skrifstofu Mosfellsbæjar, 1.hæð, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.
Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Laun greidd samkv. kjarasamningum starfmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson íþróttafulltrúi í s: 660-0750 / 566-6754, sg@mos.is

Fræðslu- og menningarsvið Mosfellsbæjar.

Hljómur á Café Victor

Föstudagskvöldið 1. sept 23-01

Föstudagskvöldið 8. sept 23-01

Spurning til bæjarbúa

Hverju myndir þú breyta ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Reimar



Ég myndi reyna flýta fyrir nýju sunlauginni

Kalli í Bymos



Bæta við fleiri íbúðarhverfum... er það ekki?

Hávarður



Fjarlægja þessar hraðahindranir

Jensína



Bæta skóla- og íþróttaðstöðu fyrir börnin

Davíð Sig



Ég myndi biðja um annan dag... alveg lámark

Júlli í Nóatúni



Ég myndi reisa tívolí

HVERJUR VORU ÞU HVAR



Emma og Kata



Skál fyrir því!



Tæpar



Fuck you



Allt í fína frá Kína



Lolli og Folda hress



Þrír skuggalegir á djamma



Full Respect



Mústaaaaaaas



Telpurnar standa fyrir sínu



Fluttur í kvosina



Samrýmdar Mosótíkur



Vafasamir klíkubræður



Ekki sáttir



Hrífandi



Gummi og Hilmar skála



Riddararnir Bjössli og Jóli



Andri andri



Brosa



Sigrún og Imba Henson



Skvísurnar púntkur is



Gúllasið



Sverrir og Hrefna á skallanum

Laugardagskvöldið 26. ágúst stígur á stökk einvalalið tónlistarmanna og heldur uppi stuði langt fram eftir nóttu

STÓRDANSLEIKUR Í HLÉGARÐI



BIGGI
GILDRAN
66

JÓLI
MEZZOFORTE

NIKKI
START
PARADÍS

SIGURGEIR
GILDRAN
START

KALLI
GILDRAN
66

MAGGI
UTANGARÐSMENN
EGÓ

GÚSTI
HLJÓMUR

HILMAR
HLJÓMUR

26. ÁGÚST

Húsið opnar 22.00
MIDAVEÐ KR. 1800
Mætið tímanlega



Bazar í Skeljatanga

Í júní síðastliðnum stóðu Guðrún Nanna, Sunneva og Bára fyrir bazar og köku- og kaffisölu heima í garðinum hjá Guðrúnu Nönnu í Skeljatanga 26. Fyrri hluta dags skein sól í heiði og veður var hið besta, en eins og flestir vita voru fáir alþurrir dagar í júní og þurfti í skyndingu að færa bazarinn inn í stofu. Þrátt fyrir kaflaskipt veður mættu margir og drukku kaffi í garðinum og gerðu góð kaup á bazarinum. Vinkonurnar þrjár höfðu í nógu að snúast yfir daginn við kaffiuppáhellingar og afgreiðslu og nutu góðrar aðstoðar vinkvenna sinna, þeirra Sonju, Hlífur, Ásthildar, Elínborgar og Helgu. Eftir daginn töldu stúlkurnar

fimmtíu þúsund krónur úr afgreiðslukassanum, sem þær létu renna til FSMA-samtakanna.

FSMA-samtökin eru samtök um SMA sjúkdóminn (Spinal Muscular Atrophy) og munu þau verja fénu til rannsókna á sjúkdómnum. Fyrir þá sem vilja afla sér upplýsinga um SMA sjúkdóminn og starfsemi FSMA-samtakanna er bent á eftirfarandi heimasíður: www.fsma.ci.is og www.fsma.org

Á meðfylgjandi mynd eru (frá vinstri): Bára, Hlíf, Guðrún Nanna, Ásthildur, Sunneva og Þorbjörg Andrea.



SMÁAUGLÝSING

Íbúð óskast á leigu

„Reglusöm og reyklaus kona óskar eftir líttilli íbúð á leigu. Skilvísium greiðslum heitið. Vinsamlegast hafið samband í síma 868-6998”.

Kvöld- og helgarvinna Subway Mosfellsbæ

Subway Mosfellsbæ, vantar fólk í kvöld- og helgarvinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is. Nánari upplýsingar í síma 696-7009.



Opið í sumar

mán-fös 17-23

lau 13-19

sun lokað



Leikskólinn Berg Kjalarnesi



Leikskólakennarar og/eða starfsfólk óskast sem fyrst. Leikskólinn Berg er lítill vinalegur tveggja deilda skóli sem rúmar 46 börn.

Einkunnarorð skólans eru „Leikur, gleði og sköpun”.

Við auglýsum einnig eftir ræstingarstarfsmanni.

Upplýsingar gefur Valdís leikskólastjóri í síma: 693-9837, 566-6035 og 566-6039

Alvöru sveitakrá

ALVÖRU SVEITAKRÁ



Opið öll kvöld



Auglýsing vegna jarðvegstipps



Jarðvegstipp við Leirvogsa hefur verið lokað.

Almenningi er bent á endurvinnslustöðina ofan Hesthúsahverfis.

Við losun á stærri förmum þarf að hafa samband við Áhaldahús Mosfellsbæjar í síma 566-8450.

Tækni- og umhverfissvið Mosfellsbæjar



**Bestu pizzurnar
í bænum**

PVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Pverholti 2
Sími: 534 3424

Sumarlestur á Bókasafninu



Mynd: Magnús Már

Sumarlestur Bókasafns Mosfellsbæjar hófst 12. júní sl. 67 börn, 7, 8 og 9 ára, skráðu sig til leiks. Lesnar voru 373 bækur sem verður að teljast frábær árangur. Það þýðir að að meðaltali hefur hver þátttakandi lesið rúmlega 5 og hálfá bók. Þegar upp er staðið hafa allir grætt á þessum sumarlestri, börnin sem vonandi hafa lært að meta ævintýraheim bókanna og hafa bætt lestrarkunnáttu sína og starfsfólk safnsins sem hefur notið þess að fá allt þetta unga fólk í heimsókn í sumar. Allir þátttakendur fengu viðurkenningararkjal fyrir þátttökuna og hljóðbók með ævintýrum H.C. Andersens. Þeir sem ekki komu á uppskeruhátíðina geta sótt sitt skjal og hljóðbók næst þegar þeir eiga leið í bókasafnið. Tanja, Lydía Hrönn og Gréta Rós áttu fiskana sem veiddir voru upp úr háfnum og fengu að gjöf bók frá bókasafninu.

Nýlega var því einnig fagnað að þrjár stúlkur héðan sem tóku þátt í keppninni „Ljóð unga fólksins 2006“ ortu svo stórfín ljóð að þau voru prentuð í ljóðabókina sem var að koma út með bestu ljóðum keppinnar.

Þær eru Aldís Buzgó sem hlaut 2. verðlaun í aldurshópnum 13 - 16 ára, Hjördís Nína Egilsdóttir og Rakel Jónsdóttir í aldurshópnum 9 - 12 ára. Þær fengu ljóðabókina að gjöf.



Bergholt

Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi/ snyrtingar. Björt stofa með arni. Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur garður. Gróíð hverfi. Nýtt K gler í öllum gluggum og nýr þakantur. **V.36,9 m.**



Byggðarholt

Mikið endurnýjað 127 fm. raðhús á mjög barnvænum stað í miðbæ Mosfellsbæjar. 3 góð svefnherbergi. Nýtt parket og flísar. Rúmgott baðherbergi. Utgengt á baklóð úr stofu. Smekklegar innréttingar. Nýtt þak. Örstutt í skóla og íþróttasvæði. **V. 27,9 m.**



Krókabyggð - endaraðhús

Mjög fallett 108 fm endaraðhús á tveimur hæðum með vönduðum gólfefnum og innréttingum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Þrjú svefnherbergi með möguleika á því fjórða. Sólþallur í garði og hellulagt bílþáplan framan við hús. Stutt í góðar gönguleiðir í skógivöxnu landi. **V. 29,9 m.**



Leirutangi

Nýkomin í einkasölu mjög fallett 92,5 fm. íbúð á jarðhæð við Leirutanga í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi og vandað eldhús. Björt stofa með útgengi í sér garð. Gróin og fallegur garður. Getur losnað fljótlega. **V. 18,9 m.**



Sími:
588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Þétur Þétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Prastarhöfði

Falleg 140 fm íbúð með sér inngangi í nýju og fallegu fjórþýli. Eignin afhendist án gólfefna nema á þvottahúsi og baðherbergi. Í íbúð eru vandaðir eikar skápar og hurðir. Eldhús með L-laga eldhúsinnréttingu. Eldhúseyja með háfi. Stórar svalir. 4. svefnh. Glæsilegt baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Eikar innréttingar og hornbaðkar. **V. 35,5 m.**



Sumarhús við Hafrvatn

Nýkomið í sölu 64 fm. sumarhús á stórrí lóð á bókum Hafrvatns. Skógivaxið land. Björt stofa með kaminu og stór sólþallur. Einstök eign í fögru umhverfi. **V. 14,9 m.**



Sumarhús við Gísholtvatn

Nýtt í sölu. Glæsilegur 57 fm. sumarbústaður á frábærum skógivöxnum stað við Gísholtvatn í Holtum austan við Þjórsá. Heitur pottur, 75 fm. sólþallur. Grillaða, eignarland, aðgengi að bátahöfn og veiðiréttur í vatninu. **V. 16,8 m.**

Berg fasteignasala stofnuð 1989

mosfellingur@mosfellingur.is - www.mosfellingur.is